

Vinnslustöðin hf.

Ársreikningur samstæðu

2010

Vinnslustöðin hf.
Hafnargötu 2
900 Vestmannaeyjar
kt. 700269-3299

Vinnslustöðin hf.

Ársreikningur samstæðu

2010

Efnisyfirlit

| | |
|--|------|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5-6 |
| Yfirlit um breytingu á eigin fé | 7 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9-43 |
| Sundurliðanir | |

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Vinnslustöðinni hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2010. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í samstæðuársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð samstæðuársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Vestmannaeyjar, 15. júní 2011

Deloitte hf.


Þorvaldur Gunnarsson

endurskoðandi


Sigurður Páll Hauksson

endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) samþykkt af Evrópusambandinu.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu, auk þess að greina frá áhættustýringu og þeim óvissuþáttum sem félagið kann að mæta.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins námu rekstrartekjur 81,6 milljónum evra á árinu. Hagnaður af rekstri samstæðunnar nam rúmum 4,4 milljónum evra. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins rúmum 103 milljónum evra í árslok 2010. Eigið fé í lok ársins nam 31,3 milljónum evra og var eiginfjárlutfallið 30,2%.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. leggur til að greiddur verði 18% arður á nafnverð hlutafjár í Vinnslustöðinni hf. í evrum en vísar að öðru leyti í skýringar varðandi breytingar á eigin fé félagsins.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. bendir á að stjórnvöld hafa haft uppi áform um að gera grundvallarbreytingu á úthlutun aflaðeildanna. Þessi áform, komi þau til framkvæmda, munu augljóslega breyta miklu um gjaldfærni félagsins og tefla í tvísýnu virði hlutafjár í félaginu sem og greiðslugetu félagsins til núverandi lánardrottna.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 257 en voru 262 í upphafi árs. Tveir hluthafar eiga meira en 10% hlutafjárins en þeir eru Stilla útgerð ehf. með 25,79% og Seil ehf. með 24,8%.


Stjórn og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. hafa farið yfir og samþykkt ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Vestmannaeyjar, 15. júní 2011

Í stjórn


Guðmundur Örn Gunnarsson



Sigurjón Óskarsson


Leifur Leifsson

Kristín Gísladóttir



Framkvæmdastjóri


Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2010

| | Skýr. | Samstæða | |
|--|-------|-------------------|------------------|
| | | 2010 | 2009 |
| Rekstrartekjur | | 81.632.747 | 55.818.829 |
| Aðrar tekjur | | 1.177.165 | 948.493 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | (47.130.128) | (32.632.991) |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 7 | (17.359.162) | (11.672.974) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (1.953.854) | (1.233.937) |
| Afskriftir | 12 | (2.688.119) | (4.005.072) |
| Rekstrarhagnaður | | 13.678.649 | 7.222.347 |
| Fjármunatekjur | 9 | 100.201 | 753.167 |
| Fjármagnsgjöld | 9 | (8.180.277) | (2.278.055) |
| | | (8.080.076) | (1.524.888) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi | 15 | 1.304.683 | 573.960 |
| Hagnaður fyrir skatta | | 6.903.256 | 6.271.419 |
| Tekjuskattur | 10 | (2.477.808) | (690.098) |
| Heildarafkoma ársins | | 4.425.448 | 5.581.321 |
| Hagnaður á hlut : | | | |
| Hagnaður á hlut | 11 | 0,27 | 0,34 |
| Dynntur hagnaður á hlut | 11 | 0,27 | 0,34 |

Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | Samstæða | |
|---|-------|--------------------|-------------------|
| | | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 12 | 31.559.554 | 26.468.746 |
| Aðrar óefnislegar eignir | 13 | 38.102.889 | 38.102.889 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 15 | 8.289.349 | 6.989.726 |
| Fjárfestingaverðbréf | 16 | 58.395 | 51.311 |
| Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur. | | 14.840 | 21.409 |
| Tekjuskattsinneign | 10 | 0 | 716.023 |
| | | <u>78.025.027</u> | <u>72.350.104</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Vörubirgðir | 18 | 6.955.332 | 4.987.542 |
| Viðskiptakröfur | 19 | 13.230.591 | 6.895.052 |
| Krafa á hlutdeildarfélög | 25 | 0 | 636.023 |
| Aðrar skammtímakröfur | 17 | 1.318.404 | 1.176.176 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 453.724 | 593.540 |
| Handbært fé | 27 | 3.451.634 | 4.000.330 |
| | | <u>25.409.686</u> | <u>18.288.664</u> |
| Eignir | | <u>103.434.713</u> | <u>90.638.768</u> |

31. desember 2010

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | Samstæða | |
|---|-------|---------------------------|--------------------------|
| | | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
| Eigið fé | | | |
| Hlutfé | 20 | 16.493.475 | 16.493.475 |
| Lögbundinn varasjóður | | 3.050.000 | 2.521.930 |
| Þýðingarmunur | | 75.934 | 148.455 |
| Óráðstafað eigið fé | | 11.657.516 | 10.451.128 |
| Eigið fé | | <u>31.276.925</u> | <u>29.614.988</u> |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 21 | 53.708.813 | 50.962.729 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 10 | 1.432.774 | 19.718 |
| | | <u>55.141.587</u> | <u>50.982.447</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | 22 | 5.145.233 | 2.622.982 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 21 | 6.545.000 | 5.440.240 |
| Skuldir við tengd félög | 25 | 980.479 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 23 | 4.345.489 | 1.978.111 |
| | | <u>17.016.201</u> | <u>10.041.333</u> |
| Skuldir | | <u>72.157.788</u> | <u>61.023.779</u> |
| Eigið fé og skuldir | | <u><u>103.434.713</u></u> | <u><u>90.638.768</u></u> |

Yfirlit yfir breytingar á eigin fé félagsins

| | Hlutfé | Lögbundinn varasjóður | Býðingarmunur | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|-------------------------------------|------------|--------------------------|---------------|------------------------|---------------------|
| Yfirfært 1.1.2009..... | 16.493.475 | 2.521.930 | | 4.926.606 | 23.942.011 |
| Býðingarmunur..... | | | 148.455 | | 148.455 |
| Hlutdeild minnihluta..... | | | | (56.799) | (56.799) |
| Heildarafkoma ársins..... | | | | 5.581.321 | 5.581.321 |
| Eigið fé 31.12.2009..... | 16.493.475 | 2.521.930 | 148.455 | 10.451.128 | 29.614.988 |
| Býðingarmunur..... | | | (72.521) | 277.751 | 205.230 |
| Framlag í lögbundinn varasjóð | | 528.070 | | (528.070) | 0 |
| Greiddur arður..... | | | | (2.968.742) | (2.968.742) |
| Heildarafkoma ársins..... | | | | 4.425.448 | 4.425.448 |
| Eigið fé 31.12.2010..... | 16.493.475 | 3.050.000 | 75.934 | 11.657.516 | 31.276.925 |

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2010

| | Skýr. | Samstæða | |
|--|-------|--------------------|--------------------|
| | | 2010 | 2009 |
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 13.678.649 | 7.222.347 |
| Afskriftir | 12 | 2.688.119 | 4.005.072 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 16.366.768 | 11.227.419 |
| Vörubirgðir (hækkun) lækkun | | (1.584.789) | 2.276.071 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun | | (5.941.399) | 2.556.355 |
| Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) | | 4.260.700 | (8.045.592) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 13.101.280 | 8.014.253 |
| Innborgaðir vextir og arður | | 124.173 | 213.705 |
| Greiddir vextir | | (3.110.025) | (1.936.277) |
| Greiddir skattar | | (1.609) | 0 |
| Handbært fé frá rekstri | | 10.113.820 | 6.291.681 |
| Fjárfestingahreyfingar | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 12 | (7.778.927) | (2.174.224) |
| Afborganir skuldabréfa | | 8.584 | 11.987 |
| Hlutabréf, stofnsjóðir og aðrir bundnir reikningar | | (7.084) | (265.563) |
| | | (7.777.427) | (2.427.800) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Greiddur arður | | (2.968.742) | 0 |
| Ný lán | | 5.093.918 | 14.642.032 |
| Afborganir langtímalána | | (6.253.375) | (19.776.663) |
| Hækkun á skuldum við tengd félög | | 1.152.018 | 1.847.386 |
| | | (2.976.181) | (3.287.245) |
| (Hækkun) lækkun handbærs fjár | | (639.788) | 576.636 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 4.000.330 | 3.422.214 |
| Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga | | 91.092 | 1.480 |
| Handbært fé í lok árs | | 3.451.634 | 4.000.330 |
| Aðrar upplýsingar | | | |
| Veltufé frá rekstri | | 13.379.307 | 9.504.847 |

Skýringar

1. Starfsemi

Vinnslustöðin hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Vinnslustöðin hf. í Vestmannaeyjum var stofnuð árið 1946 og er útgerðar og fiskvinnslufyrirtæki með fjölbreytilegan rekstur. Félagið gerir út fjögur togskip, þar af eitt leiguskip, tvo netabáta og þrjú uppsjávarveiðiskip og eitt uppsjávarfrystiskip. Fiskvinnsla félagsins samanstendur af saltfiskverkun, humarvinnslu og frystingu bolfisks og uppsjávarfisks. Einnig rekur félagið fiskimjölsverksmiðju. Samstæðan er með umboðssölu fyrir sölu og útflutning sjávarafurða.

2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

Ársreikningur Vinnslustöðvarinnar hf. er gerður í samræmi við nýja og endurbætta staðla (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC) sem tóku gildi á reikningssárinu. Þessir staðlar og túlkanir eru:

Eftirfarandi nýir og endurbættir staðlar (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC) tóku gildi á reikningsárinu:

2.1 Endurbættir staðlar

IFRS 5 – Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi (endurbætur 2009). Endurbæturnar gera kröfu um að skýringar um fastafjármuni til sölu og aflagða starfsemi séu í samræmi við kröfur IFRS 5. Kröfur um skýringar í öðrum stöðlum taka ekki til slíkra eigna nema gerðar séu sérstakar kröfur um skýringar eða að skýringarnar tengist mati á eignum og skuldum aflögðu starfseminnar sem IFRS 5 fjallar ekki um.

IAS 1 – Framsetning reikningsskila (endurbætur 2009). Endurbæturnar skýra að möguleg framtíðargreiðsla á skuld með útgáfu eiginfjárgæringa hefur ekki áhrif á flokkun skuldarinnar meðal langtíma- eða skammtímaskulda.

IAS 1 – Framsetning reikningsskila (endurbætur 2010). Endurbæturnar skýra að félögum er heimilt að birta greiningu á annarri afkomu annað hvort í yfirliti um eigið fé eða í skýringum.

IAS 7 – Yfirlit um sjóðstreymi (endurbætur 2009). Endurbæturnar tilgreina að aðeins er heimilt að flokka eignfærðan kostnað sem fjárfestingarhreyfingu í sjóðstreymi.

IAS 27 – Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil (endurbætur 2008). Endurbæturnar varða breytingar á eignarhluta í dótturfélögum án þess að móðurfélag missi ráðandi hlut. Samkvæmt endurbættum staðli skal færa slíkar breytingar meðal eigin fjár og hafa þær engin áhrif á rekstur eða viðskiptavild.

IAS 28 – Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum (endurbætur 2008). Endurbæturnar varða breytingar á eignarhluta í hlutdeildarfélagi þegar veruleg yferráð eru ekki lengur til staðar. Samkvæmt endurbættum staðli skal eignarhlutinn sem eftir stendur metinn á gangvirði og breytingar færðar í rekstrarreikning.

2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum (frh.)

2.1 Endurbættir staðlar (frh.)

IFRS 3 – Sameiningar félaga (endurbætur 2008). Eftirfarandi endurbætur voru gerðar á IFRS 3:

- Heimild um val á mati hlutdeildar minnihluta á kaupdegi. Heimilt er að meta hlutdeild minnihluta annað hvort á gangvirði eða sem hlutdeild í hreinum eignum hins keypta félags.
- Skráning og reikningshaldsleg meðferð á óvissu endurgjaldi. Fyrir breytingu var óvissu endurgjald aðeins skráð á kaupdegi ef líklegt væri að það félli til og hægt væri að meta það með áreiðanlegum hætti, allar síðari breytingar á óvissa endurgjaldinu höfðu áhrif á kaupverðið. Samkvæmt endurbættum staðli er óvissu endurgjald metið á gangvirði á kaupdegi, síðari breytingar hafa áhrif á kaupverðið en aðeins ef það er vegna nýrra upplýsinga um gangvirðið á kaupdegi sem koma til á matstímabilinu (hámark 12 mánuðir frá kaupdegi). Allar aðrar síðari breytingar á óvissu endurgjaldi sem fært er meðal eigna eða skulda eru færðar í rekstrarreikning.
- Krafa um skráningu hagnaðar eða taps af sáttargerð, vegna fyrra sambands kaupanda og seljanda, sem gerð er sem hluti af sameiningu.
- Krafa um að allur kostnaður vegna sameiningar félaga verði gjaldfærður þegar hann fellur til. Áður var heimilt að færa kostnaðinn sem hluta af kaupverðinu. Ákvæðið gildir ekki um kostnað vegna útgáfu hlutafjár eða nýrra lána.

Innleiðing á ofangreindum stöðlum og túlkunum hefur ekki leitt til breytinga á reikningsskilum félagsins.

2.2 Minniháttar endurbætur á stöðlum og túlkunum

IFRS 1 – Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Endurbæturnar heimila viðbótar undanþágur við innleiðingu á IFRS í tengslum við olíu- og gaseignir og ákvörðun um það hvort samningur feli í sér leigu.

IFRS 2 – Eignahlutatengd greiðsla – eignahlutatengdar greiðslur gerðar upp með handbæru fé innan samstæðu. Endurbæturnar skýra betur umfang staðalsins og veita frekari leiðbeiningar um reikningshaldslega meðferð í aðgreindum reikningsskilum á eignarhlutatengdum greiðslum sem gerðar eru upp með handbæru fé innan samstæðu.

IFRS 5 – Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi. Endurbæturnar gera kröfu um að eignir og skuldir dótturfélaga skuli flokka til sölu ef móðurfélag hefur tekið ákvörðun um að selja ráðandi hlut í dótturfélagi, óháð því hvort móðurfélagið muni eiga hlut í félaginu eftir sölu.

IAS 39 – Fjármálagerningar, skráning og mat – heimilaðar áhættuvarnir. Endurbæturnar veita nánari skýringar á tveimur sjónarmiðum sem lúta að áhættuvörnum; að skilgreina verðbólgu sem áhættuvarðan lið eða hluta af henni og áhættuvörn með valréttum.

Það er mat stjórnenda að almennt muni innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana ekki hafa veruleg áhrif á ársreikninginn.

Skýringar

2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum (frh.)

2.3 Nýir og endurbættir staðlar sem hafa verið útgefnir en ekki tekið gildi

Vinnslustöðin hf. hefur ekki innleitt eftirfarandi nýja og endurbætta staðla sem hafa verið útgefnir en ekki tekið gildi:

Endurbætur á IFRS 1 (taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar). Takmarkaðar undanþágur, fyrir félög sem innleiða IFRS í fyrsta skipti í reikningsskil sín, um samanburðarfjárhæðir í skýringum í samræmi við

IAS 24 (endurbættur 2009, tekur gildi fyrir reikningstímabili sem hefjast 1. janúar 2011 eða síðar). Skilgreining á tengdum aðilum er einfölduð og opinberum aðilum eru veittar undanþágur að hluta frá kröfum um upplýsingar í skýringum um tengda aðila.

Endurbætur á IAS 32 (taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. febrúar 2010 eða síðar). Flokkun ákveðinna fjármálagerna.

Endurbætur á IFRIC 14 (taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. febrúar 2010 eða síðar). Fyrirframgreiðslur félaga sem þurfa að uppfylla kröfur um lágmarksframlag.

IFRIC 19 (taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar). Fjárskuld felld niður með útgáfu eiginfjárgerna.

3. Reikningsskilaaðferðir

3.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðu Vinnslustöðvarinnar hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS - International Financial Reporting Standards) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu.

3.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs að því undanskildu að ákveðnir fastafjármunir og fjármálagerna eru færðir á gangvirði. Kostnaðarverðsaðferð er almennt byggð á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Starfsrækslugjaldmiðill félagsins er evra.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

3.3 Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins sem og ársreikninga dótturfélaga. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæða hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn dótturfélaga.

Rekstrarniðurstaða keypra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söluþegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Þegar eignarhald móðurfélags á dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum. Eitt dótturfélag félagsins, RusRybResures í Rússlandi, er hins vegar ekki inn í samstæðunni þar sem ársreikningur félagsins liggur ekki fyrir, en félagið á 49,5% eignarhlut í félaginu. Það er mat stjórnenda að áhrif þess á samstæðuna séu óveruleg.

Skýringar

3. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

3.4 Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra og eru hvorki dótturfélög né félög í samrekstri. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og

Gerð er grein fyrir eignarhluta í hlutdeildarfélagum með hlutdeildaraðferð nema þegar fjárfestingin er flokkuð til sölu samkvæmt IFRS 5 - Fastafjármunir til sölu og aflagðar eignir. Samkvæmt hlutdeildaraðferðinni eru eignarhlutar í hlutdeildarfélagum færðir í ársreikning á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarféлага umfram hlutdeild samstæðunnar er aðeins gjaldfært hafi samstæðan gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Sá hluti kaupverðsins sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í eignum og skuldum og óvissum skuldum hlutdeildarféлага á kaupdegi er viðskiptavild. Viðskiptavildin er hluti af bókfærðu verði fjárfestingarinnar í samstæðunni og er metin með tilliti til virðisrýrnunar. Ef kaupverð reynist lægra en gangvirði eigna, skulda og óvissra skulda myndast neikvæð viðskiptavild sem er tekjufærð á kaupári.

3.5 Skráning tekna

Tekjur eru skráðar á gangvirði móttækinnar eða innheimtanlegrar greiðslu að frádregnum afsláttum og vöruskilum.

Tekjur af vörusölu

Tekjur eru skráðar þegar eftirfarandi skilyrðum er fullnægt: þegar áhættan og ávinningurinn af eignarrétti vörunnar flyst til kaupanda, þegar eignarréttur færist til kaupanda, þegar unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti, þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af viðskiptunum og þegar kostnaður sem tengist viðskiptunum liggur fyrir eða hægt er að meta hann með áreiðanlegum hætti.

Arður og vaxtatekjur

Arður af fjárfestingum er tekjufærður þegar úthlutun hefur verið samþykkt.

Vaxtatekjur eru færðar þegar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Þær eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Skýringar

3. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

3.6 Erlendir gjaldmiðlar

Ársreikningar félaga samstæðunnar eru gerðir í þeim gjaldmiðli sem grundvallarstarfsemi þeirra byggir á, þ.e. starfrækslugjaldmiðli. Við gerð ársreiknings samstæðu eru ársreikningar dótturfélaga umreiknaðir í evrum sem er starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill móðurfélagsins.

Við gerð reikningsskila hvers félags samstæðunnar eru viðskipti í öðrum myntum en starfrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við gildandi gengi á reikningsskiladegi. Efnislegar eignir og skuldir á gangvirkni eru færðar á gildandi gengi reikningsskiladags. Efnislegar eignir og skuldir á kostnaðarverði eru færðar á upphaflegu gengi.

Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til nema:

Gengismunur í viðskiptum sem gerð eru í þeim tilgangi að verjast gengisáhættu.

Gengismunur vegna krafna eða skulda við erlend félög sem líklegt er að ekki verði efndar.

Við gerð samstæðuársreiknings eru eignir og skuldir erlendra félaga umreiknaðar á skráðu gengi reikningsskiladags. Tekjur og gjöld eru umreiknuð á meðalgengi ársins. Í þeim tilvikum sem gengið hefur sveiflast verulega á tímabilinu er miðað við skráð gengi á viðskiptadegi. Þýðingarmunur sem myndast við umreikninginn er færður á meðal eigin fjár. Þýðingarmunur vegna seldrar eða aflagðrar starfsemi er færður til gjalda eða tekna á því tímabili sem starfsemin er seld

| | Meðalgengi ársins | | Árslökagengi | |
|--------------------------------|-------------------|-------|--------------|------------|
| | 2010 | 2009 | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
| Íslenskar krónur (ISK) | 0,007 | 0,006 | 0,007 | 0,006 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 0,748 | 0,694 | 0,748 | 0,695 |
| Sterlingspund (GBP) | 1,160 | 1,121 | 1,161 | 1,121 |
| Kanadadalur (CAD) | 0,749 | 0,662 | 0,749 | 0,662 |
| Dönsk króna (DKK) | 0,134 | 0,134 | 0,134 | 0,134 |
| Norsk króna (NOK) | 0,128 | 0,120 | 0,128 | 0,120 |
| Sænsk króna (SEK) | 0,112 | 0,097 | 0,112 | 0,097 |
| Svissneskur franki (CHF) | 0,799 | 0,674 | 0,799 | 0,674 |
| Japanskt jen (JPY) | 0,009 | 0,008 | 0,009 | 0,008 |

3.7 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærsluhæfi, er eignfærður sem hluti af eign fram að þeim tíma þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar eða sölu. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.

Fjárfestingartekjur af skammtímafjárfestingum sem tengjast fjármögnun á eignfærsluhæfni eign er færður til lækkunar á fjármagnskostnaði.

Allur annar fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Skýringar

3. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

3.8 Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum skatti.

Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Frestaður tekjuskattur

Þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður skattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær. Jafnframt er frestaður skattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á hvenær tímabundinn mismunur snýst við og einnig ef talið er að viðsnúningur muni ekki verða í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður skattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Tekjuskattsinneign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman innan samstæðunnar þegar lagaleg heimild er til samsköttunar.

Frestaður skattur er færður í gegnum rekstur nema þegar hann tengist liðum meðal eigin fjár en þá er hann einnig færður meðal eigin fjár.

3.9 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðar á kostnaðarverði að fráðregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

3.10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að fráðregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að fráðregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Við sölu endurmetinna varanlegra rekstrarfjármuna er endurmatíð meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

Skýringar

3. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

3.11 Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir, eru eignir sem notaðar eru til öflunar leigutekna og / eða til verðmætaaukningar. Fjárfestingareignir eru metnar á gangvirði á reikningsskiladegi. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar í rekstrarreikning.

3.12 Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi fer félagið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbendingar eru um að þær hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnunin er. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna er endurheimtanlegt virði þeirrar fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söliverð eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem videigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

Óefnislegar eignir með óskilgreindan endingartíma og óefnislegar eignir sem ekki eru tilbúnar til notkunar eru á hverju ári prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og oftast ef vísbendingar eru um virðisrýrnun.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð, er bókfært verð lækkað í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á endurmatinu.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Viðsnúningur virðisrýrnunartaps færist í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin. Í því tilfelli er hækkunin færð sem endurmatshækkun. Viðsnúningur á virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

3.13 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði/framleiðslukostnaðarverði eða hreinu söliverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Hreint söliverð samsvarar áætluðu söliverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu. Birgðabreyting afurða er færð meðal rekstrartekna. Rekstrarvörur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar. Undirleggin veiðarfæri eru metin á hálfvirði, en loðnu og síldarnætur eru metnar að hámarki helmingi endurkaupsverðs.

3.14 Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Fjárfestingabréf og markaðsverðbréf eru metin á skráðu markaðsverði á uppgjörsdegi. Ef markaðsverð er ekki þekkt eru bréfin metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni. Verðbreytingar fjárfestingaverðbréfa og markaðsverðbréfa eru færðar meðal fjármunaliða í rekstrarreikningi.

3. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

3.15 Fjáreignir

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (Fair value through profit and loss), fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga (Held to maturity investments), fjáreignir til sölu (Available for sale), og lán og kröfur. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar.

Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga og fjáreignir til sölu eru færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði á viðskiptadegi þegar félagið hefur gert samning um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma. Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á gangvirði.

Virkir vextir

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir á gangvirði með gangvirðisbreytingar í gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þegar tilgangurinn er að hagnast á skammtímabreytingum. Sama á við um allar aðrar fjáreignir sem samstæðan skilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Afleiður falla ávallt undir þennan flokk nema þær séu skilgreindar sem áhættuvörn.

Fjáreign er skilgreind sem fjáreign til sölu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Eignin er keypt í þeim tilgangi að selja aftur í náinni framtíð.
- Eignin er upphaflega færð sem hluti af eignasafni fjármálagerninga undir stjórn samstæðunnar og er líkleg til að skila skammtímahagnaði.
- Eignin er afleiða sem er hvorki skilgreind né virk sem áhættuvörn.

Fjáreign, önnur en fjáreign til sölu, má skilgreina sem fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjáreignin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við skráða stefnu samstæðunnar í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Fjáreignin er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - Fjármálagerningar: Skráning og mat heimilar að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjárfestingar til gjalddaga

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjárfestingar til gjalddaga þegar samstæðan á fjárfestingar, t.d. víxla eða skuldabréf, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Skýringar

3. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

3.15 Fjáreignir (frh.)

Lán og kröfjur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar skammtímakröfur sem hafa fastar eða útreiknanlegar greiðslur sem eru ekki skráðar á virkum markaði eru skráð sem lán og viðskiptakröfur. Lán og viðskiptakröfur eru mæld á afskrifuðu kostnaðarverði notandi virka vexti að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur eru skráðar með því að nota virka vexti nema þegar um skammtímakröfur er að ræða þar sem vaxtatekjur eru óverulegar.

Virðisrýrnun fjármálaeigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna, annarra en fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikning, þó aldrei umfram áður færða lækkun.

Eignasafn fjáreigna er metið til virðisrýrnunar ef einstakar eignir eru þess eðlis að þær verði ekki metnar hver fyrir sig.

Afskráning fjármálaeigna

Samstæðan afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

3.16 Fjárskuldir

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru flokkaðar annars vegar sem fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og hinsvegar sem aðrar fjárs

Fjárskuldir á gangvirði með gangvirðisbreytingu í gegnum rekstrarreikning

Fjárskuldir eru færðar á gangvirði með gangvirðisbreytingar í gegnum rekstrarreikning þegar þær eru flokkaðar sem fjárskuld til sölu eða sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjárskuld er skilgreind sem fjárskuld til sölu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Eignin hefur verið keypt í þeim tilgangi að selja aftur í náinni framtíð.
- Eignin er upphaflega færð sem hluti af eignasafni fjármálagerninga og er líkleg til að skila skammtímahagnaði.
- Eignin er afleiða sem er hvorki skilgreind né virk sem áhættuvörn.

Fjárskuld má skilgreina sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjárskuldin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við stefnu samstæðunnar í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - Fjármálagerningar: Skráning og mat heimilar að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Aðrar fjármagnsskuldir

Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Afskráning skulda

Félagið afskráir skuldir eingöngu þegar skuldbinding félagsins hefur verið lokið, afturkölluð eða útrunnin.

Skýringar

3. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

3.17 Afleiður

Afleiðusamningar voru gerðir til að stýra áhættu samstæðunnar gagnvart vaxta- og gengisáhættu, þar á meðal framvirkir samningar, vaxtaskiptasamningar og gjaldmiðlaskiptasamningar. Engir afleiðusamningar voru gerðir á árinu vegna aðstæðna í íslensku efnahagslífi.

Afleiður eru færðar á gangvirði. Almenna reglan er að óinnleystur hagnaður eða tap er fært í rekstrarreikning. Hins vegar þegar afleiða er skilgreind og virk sem áhættuvörn er afkoman færð eftir áhættuvarnarsambandinu sem afleiðan tilheyrir. Samstæðan skilgreinir ákveðna afleiðusamninga sem; áhættuvörn undirliggjandi eigna, skulda eða skuldbindinga samstæðunnar (gangvirðisvörn), áhættuvörn í spákaupmennsku, áhættuvörn gegn gjaldmiðlaáhættu af skuldbindingum samstæðunnar (sjóðstreymisvörn), eða áhættuvörn vegna fjárfestinga í erlendri starfsemi.

Afleiðusamningar eru flokkaðir á meðal langtímaeigna eða langtímaskulda ef meira en 12 mánuðir eru til lokagjalds samningsins og ekki er gert ráð fyrir að hann verði gerður upp innan 12 mánaða. Aðrir afleiðusamningar eru flokkaðir á meðal veltufjármuna eða skammtímaskulda eftir því sem við á.

Félagið beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

3.18 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta væntu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki

Verðbréfaeign er skráð á viðskiptadegi og er upphaflega metin á kostnaðarverði.

3.19 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skýringar

4. Reikningshaldslegt mat og áhættuliðir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

5. Rekstrartekjur

| | Samstæða | Samstæða |
|--|-------------------|-------------------|
| Sala samstæðunnar til viðskiptavina greinist þannig eftir gjaldmiðlum: | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
| Kanadadalur, CAD..... | 3.825.556 | 1.675.758 |
| Danskar krónur, DKK..... | 5.674.628 | 1.875.888 |
| Evra, EUR..... | 16.671.389 | 15.936.898 |
| Sterlingspund, GBP..... | 3.249.839 | 2.200.849 |
| Íslensk króna, ISK..... | 2.727.812 | 1.457.608 |
| Japanskt jen JPY..... | 3.373.057 | 1.245.181 |
| Norsk króna, NOK..... | 21.037.390 | 18.749.574 |
| Sænsk króna, SEK..... | 1.336.548 | 786.290 |
| Bandaríkjadalur, USD..... | 20.441.593 | 11.890.783 |
| Rússnesk rúbla, RUB..... | 3.294.936 | |
| | <u>81.632.748</u> | <u>55.818.829</u> |

Skýringar

6. Starfsþáttayfirlit

Í stjórnunarlegum tilgangi þá er rekstri félagsins að mestu skipt upp í þrjá hluta - fiskvinnslu, útgerð og umboðssölu. Annar rekstur félagsins er það lítil að umfangi að honum er ekki skipt upp. Á þessari skiptingu, þ.e. rekstrarstarfsþáttaskiptingu, er því starfsþáttayfirlit félagsins byggt.

Afkoma starfsþátta samstæðunnar árið 2010 var eftirfarandi:

| | <u>Fiskvinnsla</u> | <u>Útgerð</u> | <u>Vörusala</u> | <u>Innbyrðis sala</u> | <u>Samtals</u> |
|--|--------------------|---------------|-----------------|-----------------------|--------------------|
| Heildarsala | 43.779.550 | 27.902.248 | 26.203.720 | (16.252.771) | 81.632.747 |
| | 43.779.550 | 27.902.248 | 26.203.720 | (16.252.771) | 81.632.747 |
| Vergur hagnaður | 11.788.177 | 2.538.346 | 128.815 | | 14.455.338 |
| Aðrar tekjur | | | | | 1.177.165 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostn. | | | | | (1.953.854) |
| Rekstrarhagnaður | | | | | 13.678.649 |
| Áhrif hlutdeildarféлага | | | | | 1.304.683 |
| Fjármagnsgj. umfram fjárm.t. | | | | | (8.080.076) |
| Hagnaður (tap) fyrir skatta | | | | | 6.903.255 |
| Tekjuskattur | | | | | (2.477.808) |
| Hagnaður (tap) ársins | | | | | 4.425.448 |
| Eignir skiptar niður á starfsþætti: | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 14.550.416 | 17.007.067 | 2.071 | | 31.559.554 |
| Varanlegar fiskveiðiheimildir | | | | | 38.102.889 |
| Aðrar eignir | | | | | 33.767.305 |
| Eignir alls | | | | | 103.429.748 |
| Skuldum er ekki skipt niður á starfsþætti: | | | | | |
| Langtímaskuldir | | | | | 55.141.587 |
| Skammtímaskuldir | | | | | 17.011.236 |
| Skuldir alls | | | | | 72.152.823 |

Skýringar

6. Starfsþáttayfirlit (frh.)

Afkoma starfsþátta samstæðunnar á árinu 2009 var eftirfarandi:

| | <u>Fiskvinnsla</u> | <u>Útgerð</u> | <u>Vörusala</u> | <u>Innbyrðis sala</u> | <u>Samtals</u> |
|--|--------------------|-------------------|-------------------|-----------------------|--------------------------|
| Heildarsala | 35.055.043 | 19.678.663 | 13.551.832 | (12.466.709) | 55.818.829 |
| | <u>35.055.043</u> | <u>19.678.663</u> | <u>13.551.832</u> | <u>(12.466.709)</u> | <u>55.818.829</u> |
| Vergur hagnaður | 6.594.603 | 672.627 | 50.979 | | 7.318.209 |
| Aðrar tekjur | | | | | 948.493 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostn. | | | | | (1.044.356) |
| Rekstrarhagnaður | | | | | <u>7.222.346</u> |
| Áhrif hlutdeildarféлага | | | | | 573.960 |
| Fjármagnst.umfram fjármagnsgj. | | | | | (1.524.888) |
| Hagnaður fyrir skatta | | | | | <u>6.271.418</u> |
| Tekjuskattur | | | | | (690.098) |
| Hagnaður ársins | | | | | <u>5.581.320</u> |
| Eignir skiptar niður á starfsþætti: | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 14.858.399 | 11.600.358 | 9.989 | | 26.468.746 |
| Varanlegar fiskveiðiheimildir | | | | | 38.102.889 |
| Aðrar eignir | | | | | 26.067.133 |
| Eignir alls | | | | | <u>90.638.768</u> |
| Skuldum er ekki skipt niður á starfsþætti: | | | | | |
| Langtímaskuldir | | | | | 50.982.448 |
| Skammtímaskuldir | | | | | 10.041.333 |
| Skuldir alls | | | | | <u>61.023.779</u> |

Skýringar

7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld félagsins greinast þannig:

| | Samstæða 31.12.2010 | Samstæða 31.12.2009 |
|-------------------------|------------------------|------------------------|
| Laun..... | 13.696.106 | 9.652.420 |
| Launatengd gjöld..... | 3.663.056 | 2.020.554 |
| | <u>17.359.162</u> | <u>11.672.974</u> |
| Meðalfjöldi starfa..... | 276 | 252 |

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:

| | Samstæða 31.12.2010 | Samstæða 31.12.2009 |
|------------------------------|------------------------|------------------------|
| Fiskvinnsla..... | 4.119.194 | 3.568.980 |
| Útgerð..... | 11.777.878 | 7.102.416 |
| Þjónustudeildir..... | 101.986 | 118.050 |
| Löndunarþjónusta..... | 461.725 | 230.085 |
| Sameiginlegur kostnaður..... | 898.379 | 653.443 |
| | <u>17.359.162</u> | <u>11.672.974</u> |

8. Þóknun til endurskoðenda

| | Samstæða 31.12.2010 | Samstæða 31.12.2009 |
|--|------------------------|------------------------|
| Endurskoðun og aðstoð við gerð ársreikninga..... | 102.534 | 57.469 |
| Aðstoð við gerð árshlutareikninga..... | 20.342 | 11.534 |
| Önnur þjónusta..... | 11.662 | 15.165 |
| | <u>134.538</u> | <u>84.168</u> |

Í þóknun fyrir endurskoðun felst vinna við endurskoðun á ársreikningi auk vinnu sem stjórn félagsins hefur falið endurskoðendum og telst falla undir eðlilegan hluta af starfi þeirra. Undir önnur verkefni fellur einkum skattaráðgjöf, ráðgjöf vegna reikningsskila og önnur fjárhagsleg ráðgjöf.

Skýringar

9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | Samstæða 31.12.2010 | Samstæða 31.12.2009 |
|---|------------------------|------------------------|
| Fjármunatekjur: | | |
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 0 | 628 |
| Arður..... | 3.074 | 5.008 |
